


Friðland að Fjallabaki

Aðgerðaáætlun



Aðgerðaáætlun 2025 - 2027

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi friðlands að Fjallabaki haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisin. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn friðlandsins. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir, tímasettar aðgerðir næstu þrjú árin ásamt aðgerðum sem taka lengri tíma en ár. Áætlunin er uppfærð árlega, m.a. í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.



Árlegar aðgerðir

- Lagfærðar verði skemmdir vegna utanvegaaksturs, unnið verði í að afmá aflagða vegslóða á grónum svæðum og raskaður gróður endurheimtur.
- Skipulögð verða verkefni sjálfboðaliða.
- Reglubundið viðhald verði á göngustígum, stikum og merkingum samkvæmt forgangsröðun.
- Villustígum verði lokað og gróður á þeim endurheimtur.
- Reglulegar fræðslugöngur verði með landverði yfir sumartímann.
- Sótt verði um í Styrkvegaskjöld eftir þörfum til viðhalds á vegum utan stofnvega í friðlandinu.
- Öryggis- og neyðarbúnaður verði yfirfarinn.
- Aðgerðaáætlun verði uppfærð.
- Gönguleiðabæklingur friðlandsins verði endurskoðaður og uppfærður eftir þörfum.
- Umhverfisstofnun sinnir álagsstýringu í Landmannalaugum á háönn í samráði við Rangárþing Ytra og FÍ.
- Rekstraraðilum í ferðapjónustu með rekstur sem kallar á fasta aðstöðu í friðlandinu verði boðið að gera samkomulag um að vinna saman að verndun friðlandsins og stuðla að góðri upplifun ferðamanna.

Árleg vöktun og eftirlit

- Ástandsmat verði unnið fyrir valda áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- Vöktun verði á framgangi framandi ágengra tegunda og þær upprættar eftir þörfum.
- Vöktun verði á ástandi fornminja í samvinnu við Minjastofnun.
- Ástand reiðleiða vaktað og lagfæringar unnar eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.
- Eftirlit verði með utanvegaakstri og ráðstafanir eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.
- Fylgst verði með þróun og aðsókn á nýja áfangastaði og gönguleiðir innan friðlandsins og hvort bregðast þurfi við auknu álagi, t.d. með stýringu, stikum eða annarri uppbyggingu.
- Farið verði í eftirlit á haustin með færð á vegum og ráðstafanir í samráði við Vegagerðina vegna lokunar á hliðum á vegum nr. 208 og F225 þegar færð spillist vegna snjóá. Skilti um að einungis sé fært á breyttum jeppum sett upp.
- Farið verði í eftirlit með vetrarfærð og ráðstafanir gerðar í samráði við Vegagerðina um lokun vega vegna hláku og aurbleytu.
- Farið verði í eftirlitsferð að vori með Vegagerðinni um friðlandið til að meta ástand vega og náttúru og taka ákvarðanir um opnun vega.
- Fyrirkomulag álagsstýringar í Landmannalaugum er endurmetið árlega með það að markmiði að bæta upplifun gesta og þjónustu við þá.
- Farið verði í eftirlit um friðlandið áður en vegir eru opnaðir og mat á ástandi göngustíga og ráðstafanir verði gerðar um tímabundna lokun stíga vegna aurbleytu og hættu á gróðurskemmdum.

Aðrar, ótímasettar aðgerðir

- Auglýsing um friðlýsingu friðlandsins verði endurskoðuð. Mörk friðlandsins verði samhliða því endurskoðuð og möguleikar þess að öll Torfajökulseldstöðin verði friðlýst.
- Samstarfi verði með Rangárþingi ytra um skipulagsáætlanir sem eru í gildi innan friðlandsins með það að markmiði að samræma stefnur beggja aðila um framtíð svæðisins m.a. að teknu tilliti til umsóknar um skráningu Torfajökulssvæðisins á heimsminjaskrá UNESCO.
- Samráðsfundir verði haldnir með hagsmunaaðilum:
 - Samráðshópur um Laugaveginn
 - Ráðgjafanefnd friðlandsins.
 - Veiðifélag Landmannaafréttar.
 - Fjallskilaneftnd Landmannaafréttar.
 - Hestamannafélög og fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja með hestaferðir.
 - Hjólreiðasamtök og fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja með hjólreiðaferðir.
 - Ferðaklúbburinn 4x4, FETAR Landsamtök og aðrir fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja í farþegaflutningum.
 - Vegagerðin, Lögreglan og Vatnajökulspjóðgarður vegna hálendisvega.
 - Slysavarnafélagið Landsbjörg.
 - Náttúruverndarsamtök Suðurlands

2025

- Gerð verði atvinnustefna fyrir friðlandið í samvinnu við hagsmunaaðila.
- Unnin verði fræðsluáætlun fyrir friðlandið
- Sótt um fjármagn til hönnunar móttökusvæðis við Námskvísl.
- Yfirfarin verði örnefni í friðlandinu og þau leiðrétt á kortum þar sem þess þarf.
- Unnið að bættu skipulagi og afmörkun tjaldsvæða í samráði við rekstraraðila. Sérstaklega verður þar hugað að skipulagi fyrir húsbíla sem koma til næturgistingar.
- Gerð verði úttekt á ástandi hverasvæða sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna og áætlun gerð um færslu eða lagfæringar á gönguleiðum og útsýnisstöðum sem liggja innan hverasvæða.
- Sótt verði um fjármagn til uppbyggingar bílastæðis og móttökusvæðis við Námskvísl í samræmi við deiliskipulag og hönnun.
- Kannað verði hvort nauðsynlegt sé að skilgreindur verði lendingarstaður fyrir þyrlur í Landmannalaugum með tilliti til breytinga á skipulagi svæðisins og af öryggisástæðum.
- Lokið verður við uppsetningu fræðslu- og upplýsingaskilta á eftirfarandi stöðum og eldri skilti fjarlægð:
 - Landmannalaugum
 - Laugahrauni
 - Hrafninnuskeri
 - Brennisteinsöldu
 - Námshraun
 - Kirkjufellsós
- Þarfagreining unnin á uppsetningu skilta og vegvísa á öðrum áfangastöðum og þau forgangsröðuð.

Gönguleiðir

- Úttekt á ástandi gönguleiða á Frostastaðahálsi og áætlun gerð um uppbyggingu og lagfæringar og í kjölfarið sótt um fjármagn í þær framkvæmdir.
- Lokið verði við uppbyggingu gönguleiðar í Grænagili í samræmi við áætlun þar um.
- Skoðað verði að stofna samstarfshóp um merkingu, viðhald og eftirlit á gönguleiðum í nágrenni friðlandsins.
- Úttekt á ástandi gönguleiða niður af Brennisteinsöldu niður á Vondugiljaaura og að Laugahrauni. Metið verði hvort ástæða sé til að sækja um fjármagn til uppbyggingar á svæðinu.
- Göngupallur frá skálasvæði í Landmannalaugum að baðlaug verði endurnýjaður.
- Settir verði upp gönguteljarar á völdum gönguleiðum.

Vegir og bílastæði

- Gert verður bílastæði við upphaf gönguleiðar að Grænahrygg.
- Unnið verði að því að merkja og bæta skipulag á bílastæðum við Landmannalaugar. Rútustæði verði afmarkað betur og merkt með skýrum hætti.
- Lokið verði við hönnun valinna áningastaða við aðkomuleiðir inn í friðlandið
- Óskað verði eftir því við Vegagerðina að viðhald vega í og við friðlandið verði aukið og að settar verði vegstikur og merkingar þar sem þess er þörf. Áhersla verði lögð á að vegur undir Suðurnámum verði lagfærður.
- Sótt verði um fjármagn um gerð áningarstaða við innkomuleiðir í friðlandið.
- Afmörkun aðkomuvegar við Hnausapoll verði bætt og bílastæði merkt og afmarkað.

2026

- Gert verði upplýsingaefni um umgengnisreglur við skot- og fiskveiðar innan friðlandsins.
- Gerðar verði leiðbeiningar um umferð hrossa í samráði við hagsmunaaðila.
- Áhrif þyrluflugs verði metið með tilliti til hvort skilgreina þurfi landingarstaði víðar í friðlandinu en í Landmannalaugum.
- Lokið við hönnun móttökusvæðis við Námskvísl.
- Gerð verði þarfagreining á hreinlætisaðstöðu innan friðlandsins.

Gönguleiðir

- Byrjað verði að uppbyggingu göngustígs um Frostastaðaháls og unnið að endurheimt á eldri leið.
- Gerð verði greining á mögulegum áningarstöðum sem skulu vera aðgengilegir hreyfihömluðum.
- Sett verði upp skilti með upplýsingum um öryggi í útivist á fjöllum og þau sett við upphaf helstu gönguleiða í friðlandinu.
- Greindir verði ákvörðunarpunktur (decision points) á gönguleiðum í samstarfi við Landsbjörg og settar upp viðeigandi merkingar.
- Gönguleið að Ljósárfossum stikuð frá Fjallabaksleið Syðri og Hrafninnuskeri, í samvinnu við Rangárþing Ytra.

2026

Vegir og bílastæði

- Unnið verði að gerð áningastaða og bílastæða við friðlandsmörk í samræmi við hönnun þeirra.
- Bílastæði við Námskvísl verði stækkað í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Gerð verði þarfagreining á hvar þarf að bæta við útskotum á vegum svo bílar geti mæst í samráði við Vegagerðina.
- Skilgreindar verði aðkomuleiðir fyrir þá sem hyggja á vélsleðaferðir í friðlandið í samráði við Landsamband íslenskra vélsleðamanna og Rangárþing ytra.
- Óskað verði eftir því við Vegagerðina að vegvísur á gatnamótum í friðlandinu verði fjölgað og eldri vegvísar lagfærðir.

2027

- Lokið verður við uppbyggingu móttökusvæðis og dagaðstöðu við Námskvísl í samræmi við deiliskipulag.
- Göngupallur lagður frá baðpalli að nýju móttökusvæði við Námskvísl í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Farið yfir skilgreind efnistökusvæði í friðlandinu og áætlun gerð um lokun þeirra sem eru ekki lengur í notkun í samráði við Vegagerðina og sveitarfélag.
- Gerð verði þarfagreining á hestagerðum innan friðlandsins.
- Umhverfisstofnun í samráði við eigendur bygginga við Eskihlíðarvatn láti fjarlægja þær ef þær eru ekki lengur í notkun.

Gönguleiðir

- Lokið verði við gerð gönguleiðar um Frostastaðaháls

Vegir og bílastæði

- Útskot og útsýnisstaðir við Frostastaðaháls og Stút verði endurskipulögð til að bæta ásýnd og umferðaröryggi.
- Gerð verði þarfagreining á stækkun og fjölgun á bílastæðum við aðra athyglisverða staði í samráði við Vegagerðina og Rangárþing ytra.



UMHVERFIS
STOFNUN